

Rannsóknarnefnd Alþingis
um rannsókn á aðdraganda og orsökum
erfiðleika og falls sparisjóðanna



KYNNING
Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM
Í SKÝRSLU NEFNDARINNAR
10. APRÍL 2014

Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina



Hrannar Hafberg, formaður

Pingsályktunin 10. júní 2011



- a. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða sem leiddu m.a. til gjaldþrots margra þeirra og endurfjármögnunar annarra.
- b. Meta starfshætti sparisjóðanna á undanförunum árum og varpa ljósi á hverjar séu helstu orsakir mismunandi árangurs rekstrar þeirra. Meðal annars verði fjármögnun og útlánastefna þeirra skoðuð, eignarhald, aukning stofnfjár, greiðslur arðs, kaup og sala stofnfjár og hlutafélagavæðing þeirra, svo og aðrir þættir sem kunna að skipta máli.

Pingsályktunin frh.



- c. Gera úttekt á lagaramma og öðru starfsumhverfi sparisjóðanna og bera saman við starfsumhverfi sambærilegra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.
- d. Leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna, eftirlit og endurskoðun hjá sparisjóðunum, hverjir kunni að bera ábyrgð á því og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.
- e. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnarsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir á.

Pingsályktunin frh.



- a. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
- b. Skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. júní 2012 um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

Úr skipunarbréfi nefndarmanna



- Að því marki sem rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt skal rannsóknin ná það langt aftur í tímann að varpað verði ljósi á breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna og rekstrarform þeirra sem og ákvarðanir eftirlitsaðila og túlkun þeirra á starfsumhverfi þeirra.
- Skal nefndin í því ljósi og tilgangs rannsóknarinnar leggja mat á hvaða áhrif framangreind atriði hafi haft á stöðu sparisjóðanna og rekstur almennt og jafnframt með tilliti til þeirra samfélagslegu sjónarmiða sem þeir störfuðu eftir.
- Rannsóknin einskorðast því ekki við aðdraganda falls íslensku bankanna 2008 heldur skal hún einnig taka til tímans eftir falls bankanna þar sem áhrif þess eru enn að koma í ljós.

Afmörkun efnisins



- Umfjöllunin tekur mið af þeim fjórtán sparisjóðum sem höfðu starfsleyfi sem slíkir í október 2008
- Stuttlega fjallað um sparisjóði sem sameinuðust þessum fjórtán
- Auk þess er gerð grein fyrir félögum sem sparisjóðirnir áttu samstarf um
- Skýrslan er í sjö bindum og samtals 1875 síður
 - 31 kafli og fimm viðaukar
 - Um ákveðna þætti í sögu og starfsemi sparisjóðanna og Sparisjóðabankans

Kaflar skýrslunnar



1. Um nefndina og verkefnið
2. Samandregnar niðurstöður og ályktanir
3. Hagsaga sparisjóða
4. Lagaumhverfi sparisjóða hér – sparisjóðir í öðrum löndum
5. Samstarf sparisjóða - SÍSP – Tryggingasjóður sparisjóða
6. Eftirlit með sparisjóðum - innra eftirlit og opinbert
 - ✦ Fjármálaeftirlit, Seðlabanki og Samkeppniseftirlitið
7. Endurskoðun ársreikninga sparisjóða
8. Reikningsskil sparisjóðanna
 - ✦ rekstur, efnahagur, skattlagning

Kaflar skýrslunnar



9. Útlán og afskriftir
 10. Fjárfestingar og fjáreignir
 11. Fjármögnun
 12. Eignarhald, stofnfé og ávöxtun þess
 13. Fjárhagsleg endurskipulagning
 14. Mistök og vanræksla
 15. Tilkynningar um refsiverða háttsemi
 16. Framtíð sparisjóðanna
 - 17-31. Einstakir sparisjóðir og Sparisjóðabankinn
- Viðaukar A-E Efnahagslegt umhverfi sparisjóðanna og töfluefni

Tilkynningar rannsóknarnefndarinnar



- Í jafn umfangsmikilli rannsókn og þessari kann víða að vakna grunur um að ekki hafi verið farið að lögum. Sá grunur kann að verða staðfestur eða honum eytt með frekari rannsókn.
- Alls tilkynnti rannsóknarnefndin 21 mál til ríkissaksóknara á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 68/2011. Þau ákvæði laga sem málin snerta geta öll varðað fangelsisrefsingu.
- Af þeim málum sem þegar hafa verið til rannsókna og tengjast málefnum sparisjóðanna, hefur tveimur verið lokið með þremur dómum Hæstaréttar, auk þess sem einum héraðsdómi hefur verið áfrýjað til réttarins.

Sagan í hnotskurn



- Sparisjóðir til staðar í íslensku samfélagi frá miðri 19. öld.
- Starfsemi þeirra markaðist lengi af félagslegum sjónarmiðum
- Hlutverk þeirra var að efla atvinnulíf og almenna samfélagsþróun í heimabyggð
- Urðu flestir 63 í kringum 1960
- Blómaskeið sparisjóðanna 1985–1995
- Fengu alveg sömu starfsheimildir og bankar 1993
- Í dag eru sparisjóðirnir átta – ríkið á stóran hlut í fimm þeirra
- Staða þeirra nú afar þröng og framtíðin óljós

Opinbert eftirlit með sparisjóðum



- Á árunum 2008–2011 ríktu sérstakar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði
- Fjármálafyrirtækjum var veittur viðbótarfrestur til að koma eiginfjárgrunni sínum í lögmælt horf
- Það vitnar þó um óskýra lagaframkvæmd að þrír sparisjóðir hafi starfað lengur en í 12 mánuði eftir að ljóst varð að eiginfjárhlutfall þeirra væri undir lögbundnu lágmarki.
- Í árslok 2007 var hlutur sparisjóðanna um 5% af efnahagsreikningum íslenskra lánastofnana. Á þeim tíma voru starfsmenn FME 62 talsins. Ekki verður séð að sparisjóðirnir hafi setið á hakanum hjá FME þegar höfð er hliðsjón af hlutfallslegri stærð þeirra á fjármálamarkaðnum.

Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina



Bjarni Frímánn Karlsson

Dulítill sagnfræði



Lánastofnun
sparisjóða,
Tryggingasjóður

Ódýrt erlent fjármagn
Vaxtamunur lækkar

FME

Vaxtafrelsi

Basel-reglur

Ný sparisjóðalög:
Nær sömu
heimildir og bankar

EES 1993: Frjáls
fjármagnsviðskipti

Hlutabréfamarkaður

1985

Blómaskeið sparisjóðanna

1995

Útlánahlutdeild úr 10% í 25%

← Bankar í útibúasamkeppni

Viðskiptabankastarfsemi
afgangsstærð hjá bönkum →

Rekstrarreikningar - afkoma



- Hagnaður jókst stöðugt frá 2001 og náði hámarki árið 2006 er hann nam samtals 21,4 milljörðum króna.
 - Allan tímenn var samt tap af kjarnarekstri fyrir skatt
- Verulegt tap varð af rekstrinum árin 2008 og 2009.
- Tapið 2008 nam tæpum 143 milljörðum króna sem jafngilti um 23% af heildareignum sparisjóðanna í árslok 2007.
- Lætur nærri að á árinu 2008 einu hafi þeir tapað nærri tvöföldum samanlögðum hagnaði næstliðinna tíu ára, umreiknuðum til sama verðlags.
- Árið 2009 var einnig mikið tap af rekstri þeirra. Sparisjóðirnir töpuðu á þessum tveimur árum rúmum 203 milljörðum króna.

Rekstrarreikningar - afkoma




- Árin 2010 og 2011 nam hagnaður starfandi sparisjóða samtals um 1,3 og 1,7 milljörðum króna hvort árið um sig.
- Þessi hagnaður stafaði eingöngu af áhrifum fjárhagslegrar endurskipulagningar.
- Ef horft er framhjá áhrifum tekjufærslu vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar hefði tap sparisjóðanna fyrir skatt numið samtals 3,4 milljörðum króna og 938 milljónum króna hvort árið.

Orsakir tapsins 2008 og 2009



- Helstu skýringar voru útlánatöp og virðisrýrnun fjárfestinga.
- Niðurfærslur vegna útlána voru stærsti þátturinn í rekstrarerfiðleikum sparisjóðanna þessi ár.
- Framlög í afskriftareikning útlána námu samanlagt þessi tvö ár 145 milljörðum króna.
- Gengistap af fjáreignum nam samanlagt 55 milljörðum króna

Skipting hreinna rekstrartekna




	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar rekstrartekjur	773	799	649	574	1.084	677	9.020	779	528	197	172
Gengishagnaður (-tapp) af fjáreiðnum	(147)	739	2.578	4.200	8.692	20.348	17.580	(44.911)	(9.906)	153	341
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	221	358	744	1.168	2.912	7.057	(2.496)	(16.815)	(17)	(22)	39
Hreinar þjónustutekjur	1.858	1.959	2.114	2.171	2.119	2.788	3.386	3.319	2.255	438	432
Hreinar vaxtatekjur	6.088	6.936	7.105	7.764	8.170	7.509	8.374	10.516	4.135	1.964	1.957
Hreinar rekstrartekjur alls	8.793	10.791	13.191	15.876	22.977	38.380	35.864	(47.113)	(3.004)	2.730	2.941

Efnahagsreikningar - eignirnar




- Eignir sparisjóðanna námu í árslok 2001 samtals 161 milljarði króna.
- Mestar urðu þær í lok árs 2008, samtals 668 milljarðar króna.
- Námu í lok árs 2011 samtals 59 milljörðum króna.
- Til samanburðar voru eignir viðskiptabankanna í árslok 2001 samtals 830 milljarðar króna. Þær urðu mestar í árslok 2007 eða 12.262 milljarðar króna, en í árslok 2011 námu þær samtals 2.874 milljörðum króna.

Heildareignir 2001-2011 - stórir/litlir




Skipting heildareigna 2001-2011




	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
■ Aðrar eignir	3.670	4.222	4.076	4.274	5.364	7.876	16.825	26.269	25.877	1.489	1.209
■ Óefnislegar eignir	26	1.581	1.534	1.453	1.727	3.466	7.014	1.754	1.318	-	-
■ Skuldsbréf, hlutabréf og aðrir fjármálagæmingar	21.704	21.443	22.308	27.344	41.633	73.516	105.539	45.482	29.300	3.721	3.743
■ Hlutir í hlutdeildaryrirtækjum og tengdum félögum	4.810	3.663	3.538	5.351	8.114	18.952	8.499	2.601	3.329	135	155
■ Sjóður og innistæður í fjármálastofnunum	13.812	16.610	22.909	29.594	29.088	30.499	61.041	74.881	45.668	18.618	16.544
■ Útlán og fullnustueignir	117.037	127.723	130.700	165.688	234.859	319.814	414.839	516.540	253.126	36.507	37.717

Eignir banka og sparisjóða



Eigið fé 2001-2011



(100.000)

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Óráðstafað eigið fé	•	•	•	•	•	•	21.633	(47.472)	•	•	•
Varasjóður	14.065	15.800	18.085	21.729	30.613	50.613	53.281	(40.821)	(88.502)	(3.580)	(1.880)
Stofnfé (hlutfé)	2.426	2.576	2.709	3.045	6.353	23.099	51.384	54.948	51.869	5.764	5.770
Eigið fé samtals	16.492	18.376	20.795	24.774	36.965	73.712	126.298	(33.346)	(36.633)	2.184	3.890
Greiddur arður	(231)	(154)	(212)	(227)	(333)	(2.301)	(9.816)	(18.563)	(18)	-	(6)

Endurskoðun hjá sparisjóðum



- Skv. reikningum endurskoðenda unnu þeir ýmis önnur verk fyrir sparisjóðina en endurskoðun. Það var heimilt til 2010.
- Sum verk þeirra vekja spurningu um óhæði þeirra:
 - uppgjör, gerð ársreiknings, reikningshaldslegt mat o.fl.
- Ráðgjöfin gekk stundum full langt:
 - gangvirðismat, IFRS, stofnfjáráukning, arður o.fl.
- Endurskoðunarskýrslur sumar rýrar að innihaldi

Eignarhald á sparisjóðum



- Upphafið > lögin 1915 > lögin 1941:
 - ábyrgðarmenn / stofnendur
 - ábyrgðarfé / stofnfé / vextir af innborguðu stofnfé
- Lögin 1985:
 - stofnfjáreigendur / stofnfjárbréf / max. 20% atkvæða
- Lögin 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði:
 - arður / verðtryggt stofnfé / max. 5% atkvæða
- Lagabreytingin 2001:
 - hlutafélag heimilt / bara stofnfjáreigendur í stjórn / sérstakt endurmat / arður þótt tap /
- Lögin 2002, um fjármálafyrirtæki:
 - Við mat á gagngjaldi skal taka tillit til „arðsvonar stofnfjáreigenda“

Baráttan um yfirráð



- **SPRON**
 - 2002: „Fimmennigarnir“ / Búnaðarbankinn
 - 2003/4: Kaupþing / Lög sett febrúar 2004
 - 2007: SPRON hf.
- **Sparisjóður Hafnarfjarðar**
 - 2005: „Hallarbyltingin“
 - 2006: Sameining við Sparisjóð vélstjóra inn í Byr sparisjóð
- **Byr sparisjóður**
 - 2009: Átök á aðalfundi / „Björgum Byr“

Eigið fé = Stofnfé + Varasjóður



Hlutafélag

Eignir	Hlutafé
	Óráðst. eigið fé
	Skuldir

Ábyrgðamannasparisjóður

Eignir	Varasjóður
	Skuldir (þ.m.t. innborgað ábyrgðarfé)

Stofnfjársparisjóður

Eignir	Stofnfé
	Varasjóður
	Skuldir

Yfirverð á stofnfjárbréfum




- Stofnfjáreigendur eiga ekki tilkall til ágóðahlutar sparisjóða umfram það sem lögin kveða á um
- Varasjóðurinn – „fé án hirðis“
- Meðan slagurinn um SPRON stóð yfir 2002:
 - Greinargerð FME: Lögin banna ekki sölu stofnfjár á yfirverði
 - Álitsgerð PH: Bann við sölu á yfirverði kann að vera í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar
- Lagabreytingar: „Til að gera stofnfjárbréfin eftirsóknarverðari fjárfestingarkost“
 - Stofnfjárbréfin einn besti og tryggasti fjárfestingarkosturinn:
 - verðtrygging / 5% endurmat / öruggar arðgreiðslur / innleysanleg á stofnverði

Stofnfjáraukning og hlutafélagsdraumar



- Yfirlýst markmið var að ná í nýtt eigið fé til að stækka og efla sparisjóðinn
- Fleiri markmið greinanleg:
 - Til þess að verjast yfirtöku
 - Til þess að hækka hlutfall stofnfjár af eigin fé svo sjálfseignarstofnunin fengi ekki eins stóran hlut í hf.
 - Til þess að fá hærri arð
- Óljóst hvort hlutafélagsvæðing væri í þágu stofnfjáreigenda eða til hagsbóta fyrir sparisjóðinn sjálfan
 - Verðmöt sem gerð voru á sparisjóðum sýndu líka „skiptihlutfallið“:
 - SPRON 11,5% : 88,5% breyttist í 85% : 15%. SpKeflavík 100% : 0%

Þróun stofnfjárins



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
■ Endurmat skv. 68. gr.	0	49	91	168	263	532	688	962
■ Endurmat skv. 67. gr.	176	224	260	394	534	1.263	1.910	4.761
■ Nýtt stofnfé	141	192	427	552	3.921	19.712	42.905	43.560
■ Grunnfé (31.12.2000)	2.072	2.072	2.072	2.072	2.072	2.072	2.072	2.072
Samtals í árslok	2.389	2.536	2.850	3.186	6.790	23.578	47.576	51.354

Reglur um arðgreiðslur



Arðgreiðsla vegna áráanna	til 1997	1998 til 2000	2001	2002 til 2003	2004 til 2008*
Hlutfall af endurmetnu stofnfé í árslok:	15%	12%	10%	15%	10%
Mátti greiða meira ef:	arðsemi eigin fjár var hærri	arðsemi eigin fjár var hærri	arðsemi eigin fjár var hærri	arðsemi eigin fjár var hærri	<i>raun</i> arðsemi eigin fjár hærri
Önnur ákvæði:			ef tap, mátti greiða arð	ef tap, mátti greiða arð	ef tap, mátti gr. hæst 5% arð

* Árið 2007 mátti greiða arð út á hækun á eigin fé vegna upptöku IFRS.

Arðgreiðslur



<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009
Arðgreiðslur samtals	338.304	2.309.796	9.992.167	18.563.125	17.672
sem hlutfall af stofnfé	11,1%	36,4%	43,3%	36,5%	0,04%
sem hlutfall af hagnaði	8,3%	24,6%	46,7%	136,6%	-0,02%

Úr varasjóði til stofnfjareigenda:

Arðgreiðslur umfram hagnað	0	0	0	5.901.116	17.672	5.987.031
Endurmat vegna verðbólgu (skv. 67.)	139.811	728.748	647.269	2.850.774	40.759	4.801.595
Sérstakt endurmat (skv. 68. gr.)	94.706	269.550	156.219	273.574	2.343	964.399
Samtals	234.517	998.298	803.488	9.025.464	60.774	11.753.025

Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina




Tinna Finnbogadóttir

Útlánin



- Útlán voru stærstu eignir sparisjóðanna og útlánavöxtur þeirra frá 2001 til 2007 var mikill.
- Meginþorri útlána var til einstaklinga og mest til íbúðakaupa, en þó var það einkum á öðrum lánnum sem sparisjóðirnir töpuðu þegar lán voru færð niður, frá og með árinu 2008.
- Lánin sem höfðu hvað mest áhrif á rekstur og erfiðleika sparisjóðanna voru lán til fasteigna- og byggingarverkefna og lán til kaupa á óskráðum hlutabréfum og stofnfjárbréfum.
- Þeir sparisjóðir sem lánuðu ekki til slíkra verkefna töpuðu minna á útlánnum en aðrir.
- Allir þurftu að afskrifa talsverðan hluta útlána sinna frá 2008.

Útlán og afskriftir 2001-2011




	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Staða afskriftarmeiknings	4.503	5.010	4.990	4.814	4.887	5.078	6.546	88.631	81.986	9.880	5.963
Útlán til viðskiptavina	115.196	125.308	128.009	163.893	233.904	318.960	413.981	515.101	251.454	35.745	36.870
Niðurfærsluutfall %	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Úrtak nefndarinnar af útlánum



- Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántakenda til sérstakrar skoðunar í hverjum sparisjóði
- Úrtakið byggði á stærð útlána og áhrifa þeirra á rekstrarreikning, þ.e. stærstu afskrifta
- Úrtakið náði til 70,6% sérgreindra afskrifta sparisjóðakerfisins í lok árs 2008
- Lánamálin í úrtakinu voru skoðuð sérstaklega til þess að kanna vinnubrögð við veitingu þeirra lána sem ollu mestu tapi
- Farið var í gegnum lánasamninga, veðsamninga, stjórnarfundargerðir, fundargerðir lánanefnda og skýrslur um útlán

Heildarútlán og gengisbundin 2001-2011



Útlánin frh.




- Nokkrir minni sparisjóðanna lánuðu til verkefna fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. og urðu mikil töp af þeim
- Stærri sparisjóðirnir töpuðu mikið á sams konar lánum, þ.e. lánum í erlendum myntum til einkahlutafélaga til kaupa á hlutabréfum eða stofnfjárbréfum með veði í bréfunum sjálfum.
- Þeirra stærst voru lán til kaupa á hlutum í Icebank hf.
 - Tilboð um kaup á eignarhlut Spron og Byrs í Icebank hf. frá hópi fjárfesta sem Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. fór fyrir haustið 2007.
 - Með því að taka hæsta tilboði í hlutina og fjármagna kaupin veittu sparisjóðirnir að sama skapi há lán til kaupanna.
 - Tryggingarnar sem teknar voru að veði fyrir lánunum voru nær eingöngu í bréfunum í bankanum sjálfum og lánin sem veitt voru til kaupanna í desember 2007 voru í erlendum myntum.

Fjáreignir



- Ávöxtun fjáreigna fylgdi uppgangi og falli skráðra hlutabréfa að mestu leyti frá 2001 til 2008.
- Vöxtur fjáreigna stafaði fyrst og fremst af gengisbreytingum hlutabréfa og minna af nýjum fjárfestingum.
- Kaupping hf., Exista hf., Kista – fjárfestingarfélag ehf., Icebank hf., VBS Fjárfestingarbanki hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. mynduðu meiri hluta afkomu sparisjóðanna af fjáreignum á tímabilinu sem rannsóknin náði til.

Fjáreignir 2001-2011




Exista og Kista-fjárfestingarfélag



- Frá því sparisjóðirnir fjárfestu í Kaupþingi hf. árið 1986 voru töluverð eignarhaldsleg og stjórnunarleg tengsl milli þeirra, þó hluti sparisjóðanna ætti í litlu samstarfi við aðra um eignarhald í félaginu.
- Exista hf. og Kista – fjárfestingarfélag ehf. voru félög sem stofnuð voru m.a. til að draga úr áhrifum fjárfestinga í fjármálafyrirtækjum á eiginfjárútreikninga sparisjóðanna.
- Auk þess að stofna Exista og Kistu til þess að hafa áhrif á eiginfjárútreikninga, kunna sjónarmið um áhrif sölu á stórum eignarhlut á gengi bréfa að hafa komið til álita við stofnun þeirra

Afkoma af fjáreignum og önnur afkoma



Sparisjóðabankinn



- Sparisjóðirnir stofnuðu Lánastofnun sparisjóðanna, síðar Sparisjóðabankann 1986 til að sjá um greiðslumiðlun
- Allir sparisjóðir áttu eignarhlut í honum sem fór iðulega eftir stærð þeirra
- Stærsta eign Sparisjóðabankans var Exista hf. og var hagnaður hans nær eingöngu af þeirri eign.
- Árið 2007 tóku flestir sparisjóðir að færa Sparisjóðabankann á gangvirðisaðferð og höfðu af því mikinn gengishagnað
- Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður seldu meirihluta eignar sinnar í Sparisjóðabankanum síðla árs 2007 á rúmar 28 krónur á hlut eða samtals 16,9 milljarða króna

Fjármögnun




- Minni sparisjóðirnir fjármögnuðu starfsemi sína að mestu leyti með innlánnum
- Hjá þeim stærri var lántaka mun stærri þáttur í fjármögnun og erlend lántaka sífelld vaxandi.
- Lánstími stýttist töluvert frá aldamótum og fram til 2008 og bilið milli líftíma eigna og skulda jókst.
- Vaxtamunur inn- og útlána sparisjóðanna minnkaði eftir því sem leið á fyrsta áratug aldarinnar.
- Erlend lánsfjármögnun var ódýrari og m.a. þess vegna leituðu sparisjóðir út fyrir landsteinana eftir fjármögnun.
 - Minni sparisjóðirnir fengu lán í erlendum myntum hjá Sparisjóðabanka Íslands hf.

Fjármögnun frh.



- Frá lokum árs 2003 til loka árs 2005 nærri tvöfölduðust útlán sparisjóðanna.
- Haustið 2004 var mikil eftirspurn eftir fasteignaveðlánnum
- Samningar sparisjóðanna við Íbúðalánasjóð áttu stóran þátt í að fjármagna þessa útlánaaukningu.

Fjármögnun 2001-2011



(100.000)

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ýmsar skuldir	5.014	4.879	5.277	6.195	8.899	16.762	26.000	27.376	6.507	1.353	1.603
Skuldir við lánastofnanir	25.806	20.401	10.074	20.358	24.842	29.085	32.572	89.544	27.127	1.842	1.901
Lántaka	29.416	36.381	37.372	55.839	100.453	138.457	172.039	222.069	105.711	7.561	4.633
Innlán	79.254	89.973	106.452	121.182	140.501	184.510	243.518	341.711	247.461	46.179	46.004
Vákjandi skuldir	5.077	5.232	5.097	5.356	9.126	11.598	13.331	20.173	8.447	1.351	1.336
Eigð fé	16.492	18.376	20.795	24.774	36.965	73.712	126.298	(33.346)	(36.633)	2.184	3.890
Skuldir og eigð fé samtals	161.059	175.243	185.066	233.704	320.785	454.123	613.757	667.527	358.619	60.470	59.367

Erlend fjármögnun stærri sparisjóða



- Eftir aldamót var framboð á lánsfé gott og sóttu stærri sparisjóðir það beint til erlendra fjármálastofnanna
- Erlend lán reyndust stærri þungur baggi í kjölfar falls bankanna. Með þverrandi trausti á íslenskum fjármálamarkaði vildu erlendir bankar að íslenskar fjármálstofnanir gerðu upp útistandandi lánasamninga.
 - Eftir fall bankanna 2008 var sparisjóðunum nær ókleift að útvega gjaldeyri til að endurgreiða lán eða skapa nógu mikið traust á bankarekstri á Íslandi til að hægt væri að semja við erlenda lánardrottna.

Fjármögnun minni sparisjóða



- Erlendar lántökur minni sparisjóða voru eingöngu fyrir tilstilli Sparisjóðabankans
- Þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabankans 21. mars 2009 var ákveðnum eignum hans og skuldum ráðstafað til Seðlabankans.
- Þá voru teknar stjórnvaldsákvarðanir og sett lög sem höfðu jákvæð áhrif á stöðu minni sparisjóðanna, þótt það hafi ekki endilega verið megintilgangur þeirra.
- Forgangurinn sem innlán fengu með setningu neyðarlaganna og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 um ábyrgð á innistæðum dró mjög úr hvata innistæðueigenda til að gera áhlaup á lánastofnanir.
- Samningarviðræður minni sparisjóða um fjárhagslega endurskipulagningu voru því um margt ólíkar og hjá þeim stærri

Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina



Hrannar Hafberg, formaður

Áhrif bankahrunsins á sparisjóði



- SPRON og Sparisjóðabankinn tekinn yfir af FME 21.3.2009
- Sparisjóður Mýrasýslu tekinn 3.4.2009, seldur Nýja Kaupþingi
 - Afl sparisjóður og Sparisjóður Ólafsfjarðar fylgdu með
- Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík teknir yfir af FME 22.4.2010
- Spkef starfaði í tíu mánuði til 5.3.2011 – inn í Landsbankann
- Byr hf. starfaði til 12.7.2011 – inn í Íslandsbanka
- Sparisjóður Ólafsfjarðar rann inn í Arion banka 26.9.2012
- Sparisj. Þórshafnar og nágr. og Sparisj. Svarfdæla sameinuðust sem Sparisjóður Norðurlands 4.7.2013

Fjárhagsleg endurskipulagning



- Reglur settar af fjármálaráðherra um eiginfjárframlög til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008
- Flestir sparisjóðir sóttu um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði
- FME gerði í des. 2009 kröfu um 16% eiginfjárhlutfall
 - Enginn fékk 20% framlagið
- Seðlabankinn tók yfir kröfur Sparisjóðabankans og samdi
 - Þrír sparisjóðir þurftu ekki framlag úr ríkissjóði
 - Bankasýslan tók við hlut ríkisins í fimm sparisjóðum:
 - Sparisjóður Bolungarvíkur 91%, Sparisjóður Svarfdæla 91%, Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis 76%, Sparisjóður Vestmannaeyja 55% og Sparisjóður Norðfjarðar 49%

Kostnaður ríkisins vegna sparisjóða



- Heildarkostnaður sem þegar hefur til fallið vegna erfiðleika og falls sparisjóðanna er um 33 milljarðar króna.
- Í árslok 2012 var stofnfé í eigu ríkisins 1,9 milljarðar króna en á árinu 2013 voru afskrifaðar 213 milljónir króna af stofnfé ríkissjóðs í sparisjóðunum.
- Mögulegar endurheimtur ríkisins á stofnfé velta á sölu stofnfjár eða samruna við aðrar fjármálastofnanir.
- Enn ríkir óvissa um hvort og hversu há fjárhæð muni falla til vegna uppgjors við slitastjórn Sparisjóðabankans.
- Seðlabankinn lýsti 215 milljarða króna kröfu í þrotabú bankans og hefur lítill hluti krafanna verið samþykktur.

Framtíð sparisjóðanna



- Það er skoðun nefndarinnar að sparisjóðahugsjónin geti vel dafnað á Íslandi. Hún sprettur með fólkinu sem leggur sparisjóðnum lið sem stofnun sem gætir hags nærsamfélagsins. – Göfug hugsjón.
- Sparisjóðirnir verða engu að síður að sýna að þeir geti starfað í því fjármálaumhverfi sem við búum við.
 - Þeir eru fjármálafyrirtæki.
- Sé vilji til þess af hálfu löggjafans er hægt að bæta starfsskilyrði þeirra.
 - Áður nutu þeir skattfríðinda.
 - Kostnaður við eftirlit.

Framtíð sparisjóðanna frh.



- Á aðra höndina getur ríkisvaldið rétt sparisjóðunum hjálparhönd, en á hina verðum við að horfa á þá sem fjármálafyrirtæki sem ber að uppfylla þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar samkvæmt lögum. Þeir hafa heimildir til að taka við og ávaxta fé almennings.
- Alþjóðlegt umhverfi og alþjóðlegt regluverk skiptir máli.
 - Aðlögun regluverksins að íslenskum aðstæðum þegar við á.
- Staðan í dag er sú að Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkisins í flestum sparisjóðum.
- Framtíðarsýn eigandans – íslenska ríkisins.